

Útboðslýsing

Fjárfestingarsjóður ÍV

27. janúar2009

Ábyrgð á útboðslýsingu

Yfirlýsing útgefanda

Stjór og framkvæmdastjóri Rekstrarfélags verðbréfasjóða ÍV hf., kt. 491001-2080, Strandgötu 3, 600 Akureyri, lýsir því hér með yfir að útboðsyfirlýsing þessi er eftir bestu vitund, í fullu samræmi staðreyndir og engu mikilvægu atriði er sleppt, er gæti haft áhrif á mat á Fjárfestingarsjóði ÍV sem lýst er í útboðslýsingunni og hlutdeildarskírteinum í honum.

Akureyri 27. janúar 2009

f.h. stjórnar Rekstrarfélags verðbréfasjóða ÍV hf.

Sævar Helgason, kt.020773-5109
Formaður stjórnar

Ólafur Rúnar Ólafsson, kt. 100575-4349
Stjórnarmaður

Jóhannes Jónsson, kt. 310840-3009
Stjórnarmaður

f.h. Rekstrarfélags verðbréfasjóða ÍV hf.

Jón Helgi Pétursson, kt. 270274-4989
Framkvæmdastjóri

Útboðslýsing fyrir Fjárfestingarsjóð ÍV

Grunnupplýsingar

Fjárfestingarsjóður ÍV hóf starfsemi 2003 með því að sjóðsdeildinni, Hlutabréfasjóður ÍV, var breytt úr sjóðsdeild í Verðbréfasjóði ÍV í sjóðsdeild í Fjárfestingarsjóði ÍV. Í desember 2004 var tekin ákvörðun um að breyta sjóðsdeildinni Peningamarkaði úr sjóðsdeild í Verðbréfasjóði ÍV og gera hana að virkri sjóðsdeild innan Fjárfestingarsjóðs ÍV undir nafninu Peningamarkaðssjóður ÍV. Í nóvember 2005 var ákveðið að setja á stofn Alþjóðlegan skuldabréfasjóð ÍV og gera hann að virkri sjóðsdeild í Fjárfestingarsjóði ÍV. Í október 2006 var ákveðið að setja á stofn nýja stjórnsdeild í Fjárfestingarsjóði ÍV sem ber nafnið Alþjóðlegur hávaxtasjóður ÍV. Í janúar 2009 var ákveðið að setja á stofn nýja sjóðsdeild í Fjárfestingarsjóði ÍV sem ber nafnið Skammtímasjóður ÍV. Sjóðsdeildunum Alþjóðlegur skuldabréfasjóður ÍV og Alþjóðlegur hávaxtasjóður ÍV hefur verið slitið og sjóðsdeildin Peningamarkaðssjóður ÍV er í slitaferli. Virkar sjóðsdeildir í Fjárfestingarsjóði ÍV í janúar 2009 eru: Hlutabréfasjóður ÍV og Skammtímasjóður ÍV.

Fá má allar upplýsingar um Fjárfestingarsjóð ÍV hjá Rekstrarfélagi verðbréfasjóða ÍV hf. (kt. 491001-2080), Strandgötu 3, 600 Akureyri. Ennfremur eru upplýsingar um sjóðinn, s.s gengi o.fl., birtar á heimasíðu Íslenskra verðbréfa hf., www.iv.is.

Fjárfestingar

Markmið með rekstri sjóðsdeilda Fjárfestingarsjóðs ÍV er að ná góðri ávöxtun og áhættudreifingu með fjárfestingu í verðbréfum.

Sjóðsdeildir Fjárfestingarsjóðs ÍV veita viðtöku fé frá almenningi til sameiginlegrar fjárfestingar í framseljanlegum verðbréfum á grundvelli áhættudreifingar samkvæmt fyrirfram kunngerðri fjárfestingarstefnu. Fjárfestingarsjóður ÍV er fjárfestingarsjóður sbr. III. kafla A í lögum nr. 30/2003, um verðbréfasjóði¹ og fjárfestingarsjóði. Sem fjárfestingarsjóður hafa sjóðsdeildir sjóðsins eingöngu heimild til markaðssetningar á Íslandi.

Fjárfestingarsjóður hefur skv. 54. gr. laga nr. 30/2003 mun rýmri heimildir til fjárfestinga en verðbréfasjóður skv. II. kafla F. laga nr. 30/2003 og þar með er hann í eðli sínu áhættumeiri fjárfesting. Rekstrarfélag verðbréfasjóða ÍV hf. hyggst hins vegar eingöngu nýta 3. tl. 54. gr. laganna, þ.e. aukið svigrúm fjárfestingarsjóða til fjárfestinga í einstökum útgefendum, umfram heimildir verðbréfasjóða. Fjárfestingar í hverjum útgefanda geta því orðið að hámarki 20% með þeirri undantekningu að fjárfesting í einum útgefanda má nema allt að 35% af safni. Að öðru leyti fer um fjárfestingar sjóðsdeilda eftir II. kafla F laga nr. 30/2003 um fjárfestingar verðbréfasjóða. Sjóðsdeildirnar munu því ekki fjárfesta meira en 10% í óskráðum verðbréfum, skortsala er ekki heimil og lántökum verður ekki beitt vegna reksturs sjóðsins nema til að mæta innlausnum til skamms tíma. Sjóðsdeildum er heimilt að nota afleiður, t.d. til þess að fastsetja hagnað eða ákveða verð, vegna fyrirsjáanlegra innlausna og afborgana skuldabréfa eða vegna markaðsaðstæðna enda sé slíkt hluti að eignastýringu viðkomandi sjóðsdeilda og í samræmi við fjárfestingarstefnu hennar. Fjárfestingar í hlutdeildarskírteinum annara sjóða mega nema 10% af eignum sjóðsdeilda. Aukin áhætta sjóðsdeilda sem fjárfestingarsjóðs felst því í minni áhættudreifingu heldur en gildir um verðbréfasjóði sbr. nánari umfjöllun í kafla um áhættu.

Fjárfestingarsjóður ÍV starfar í sjálfstæðum sjóðsdeildum, sem eru eftirfarandi:

- *Hlutabréfasjóður ÍV*
- *Skammtímasjóður ÍV*
- *Peningamarkaðssjóður ÍV*

Hver sjóðsdeild hefur sérstakan fjárhag og lýtur fyrirfram ákveðinni fjárfestingarstefnu. Sjóðsdeildirnar eru aðgreindar sérstaklega í bókhaldi.

¹ Verðbréfasjóðir (UCITS) uppfylla lágmarksskilyrði tilskipunar 85/611/EB og hafa heimild til markaðssetningar á evrópska efnahagssvæðinu.

Hlutabréfasjóður ÍV

Hlutabréfasjóður ÍV fjárfestir fyrst og fremst í félögum sem eru í úrvalsvísitölu Kauphallarinnar Íslands, ICEX 15. Vísitalan er samsett af félögum sem skráð eru á Aðallista. Sjóðsdeildin endurspeglar vísitöluna ekki og hefur heimildir til að fjárfesta í öðrum hlutföllum eða öðrum félögum en vísitalan er samsett úr (eða öðrum fjármálagerningum ef við á, t.d. verðbréfasjóðum) enda er sjóðsdeildin ekki vísitölusjóður í skilningi 36. gr. laga nr. 30/2003. Eignum sjóðsdeildarinnar er stýrt með langtímaarðsemi að markmiði.

Hlutabréfasjóður ÍV fjárfestir í:

- a) 50-100% í hlutabréfum skráðum í Kauphöll Íslands.
- b) 0-10% í hlutdeildarskírteinum verðbréfasjóða (UCITS).
- c) 0-10% í óskráðum verðbréfum.
- d) 0-15% í innlánnum fjármálafyrirtækja.

Fjárfestar ættu að gera sér grein fyrir því að virði fjárfestingar í sjóðsdeildinni getur lækkað jafnt sem hækkað og að fjárfestar kunni að fá minna til baka heldur en upphaflega var fjárfest fyrir.

Fjárfesting í fjárfestingarsjóði felur ávallt í sér einhverja áhættu og felst hún í eftirfarandi varðandi Hlutabréfasjóð ÍV:

- Helsta áhætta fjárfesta í sjóðsdeildinni felst í lækkun á markaðsvirði eigna sjóðsdeildarinnar (markaðsáhætta). Gengi hlutabréfa er háð mörgum þáttum en þar vege væntingar um afkomu og vöxt hlutafélaga þungt ásamt ýmsum ytri þáttum. Hlutabréf eru áhættumikil fjárfesting og ætti fjárfesting í þeim að vera hugsuð til lengri tíma.
- Lausafjárahætta, þ.e. áhættan að eign seljist ekki tímanlega á ásættanlegu verði er fyrir hendi, þ.s. ekki er öruggt að virkur markaður sé með öll félög sem sjóðsdeildin á í á öllum tímum.
- Áhættan að greiðsla í greiðslukerfi gerist ekki með sama hætti og var vænst vegna þess að mótaðili greiði eða afhendi ekki á réttum tíma (uppgjörssáhætta).
- Áhætta sem felst í því að eignir í vörslu geti tapast vegna gjaldþrots, vanrækslu eða sviksamlegra athafna af hálfu vörsluaðila. Hún er þó óveruleg þar sem vörsluaðili sjóðsins er traust fyrirtæki.
- Aðrir almennir áhættuþættir geta verið fyrir hendi, s.s. skortur á vissu um að ytri aðstæður verði óbreyttar til framtíðar (t.d. stöðugleiki í stjórnámum og skattakerfi) og frammistöðuáhætta (t.d. breytileiki áhættustigs eigna og ábyrgða þeim tengdum).
- Íslenski hlutabréfamarkaðurinn er smár í sniðum og samanþjappaður. Í því felst að kaupendur og seljendur eru oft fáir og geta verið tengdir. Því getur verðmyndun hlutabréfa á markaði verið óvirkari en getur verið á stærri mörkuðum þar sem kaupendur og seljendur eru iðulega fleiri og dreifðari. Auk þess geta eignatengsl verið milli einstakra hlutafélaga sem getur leitt til þess að vandamál eða erfiðleikar einstakra félaga hafi víðtækari áhrif en ella.
- Önnur áhætta er óveruleg, en getur þó verið fyrir hendi.

Markmiðið með Hlutabréfasjóði ÍV er að ná góðri ávöxtun og áhættudreifingu með fjárfestingu í hlutabréfum. Arður eða annar hagnaður af verðbréfum í eigu Hlutabréfasjóðs ÍV skal endurfjárfestur innan ramma fjárfestingastefnu deildarinnar.

Ávöxtun Hlutabréfasjóðs ÍV

Nafnávöxtun² Hlutabréfasjóðs ÍV á ári fyrir árin 2003 til 2008 er að finna á eftirfarandi töflu.

Hlutabréfasjóður ÍV	
Ár	Nafnávöxtun
2003	48,02%
2004	56,42%
2005	66,08%
2006	12,14%
2007	-1,05%
2008	-82,55%

Samkvæmt leiðbeinandi tilmælum Fjármálaeftirlitsins nr. 3/2004 skal reikna og birta heildarkostnaðarhlutfall (HKH) sjóðs fyrir liðið reikningsár. HKH hlutfall sjóðs jafngildir hlutfalli heildarrekstrarkostnaðar af hreinni meðaleignastöðu. Hrein meðaleignastaða er reiknuð á grundvelli upplýsinga um hreinar meðaleignir sjóðs við útreikning á innlausnarvirði sjóðs, þ.e.a.s. daglegt innlausnarvirði. Útreiningsaðferð heildarkostnaðarhlutfalls skal staðfest af endurskoðanda sjóðs.

Heildarkostnaðarhlutfall Hlutabréfasjóðs ÍV fyrir árið 2008 var 1,43%.

Samkvæmt leiðbeinandi tilmælum Fjármálaeftirlitsins nr. 3/2004 skal reikna og birta veltuhlutfall sjóðs fyrir liðið reikningsár. Veltuhlutfall verðbréfasafns felur í sér vísbendingu um viðskiptakostnað og er það reiknað á staðlaðan hátt, sbr. umfjöllun um þóknanir.

Veltuhlutfall Hlutabréfasjóðs ÍV árið 2008 er 18,72%.

² Nafnávöxtun segir til um ávöxtun í krónum talið en raunávöxtun er ávöxtun að teknu tilliti til verðlagsbreytinga.

Peningamarkaðssjóður ÍV

Peningamarkaðssjóður ÍV er skammtímasjóður sem fjárfestir í ríkistryggðum skuldabréfum/víxlum, skuldabréfum/víxlum fjármálafyrirtækja og skuldabréfum/víxlum traustra sveitarfélaga og fyrirtækja.

Nánar skilgreind fjárfestingarstefna sjóðsdeildarinnar er:

- a) ríkistryggð verðbréf, 0 - 50%³
- b) verðbréf fjármálafyrirtækja, 0 - 85%
- c) verðbréf fyrirtækja og sveitafélaga, 0-70%
- d) innlán fjármálafyrirtækja, 0-25%
- e) óskráð verðbréf, 0 - 10%

Fjárfestar ættu að gera sér grein fyrir því að virði fjárfestingar í sjóðsdeildinni getur lækkað jafnt sem hækkað og að fjárfestar kunni að fá minna til baka heldur en upphaflega var fjárfest fyrir.

Fjárfesting í verðbréfasjóði felur ávallt í sér einhverja áhættu og felst hún í eftirfarandi varðandi Peningamarkaðssjóð ÍV:

- Helsta áhætta fjárfesta í sjóðnum felst í hækku á fjármálamarkaði á ávöxtunarkröfu þeirri sem gerð er til skuldabréfa í eigu sjóðsins og þar með lækku á markaðsverði bréfa í sjóðnum. Stuttur meðallíftími Peningamarkaðssjóðs ÍV lágmarkar þá áhættu.
- Þar sem hluti eigna sjóðsins er ekki útgefinn eða með ábyrgð ríkissjóðs er greiðsluáhætta meiri en í sjóðnum sem fjárfesta eingöngu í ríkistryggðum bréfum. Leitast er við að lágmarka þá áhættu með vel dreifðu safni.
- Áhættan að greiðsla í greiðslukerfi gerist ekki með sama hætti og var vænst vegna þess að mótaðili greiði eða afhendi ekki á réttum tíma (uppgjörshætta).
- Lausafjárahætta, þ.e. áhættan að eign seljist ekki tímanlega á ásettannlegu verði er fyrir, hendi, þ.s. ekki er virkur markaður með alla eignaflokka sjóðsdeildarinnar á öllum tímum. Leitast er við að lágmarka þá áhættu með ákveðnu hlutfalli ríkistryggðra bréfa og bankavíxla, sem virkur markaður er með.
- Áhætta sem felst í því að eignir í vörslu geti tapast vegna gjaldþrots, vanrækslu eða sviksamlegra athafna af hálfu vörsluaðila. Hún er þó óveruleg þar sem vörsluaðili sjóðsins er traust fyrirtæki.
- Aðrir almennir áhættuþættir geta verið fyrir hendi, s.s. skortur á vissu um að ytri aðstæður verði óbreyttar til framtíðar (t.d. stöðugleiki í stjórnámum og skattakerfi), frammistöðuáhætta (t.d. breytileiki áhættustigs eigna og ábyrgða þeim tendum) og verðbólguáhætta (sem fer m.a. eftir verðtryggingarhlutfalli⁴ eignasafnsins).

³ Heimild sjóðsdeildarinnar til að fjárfesta allt að 100% í verðbréfum útgefnum af eða með ábyrgð íslenska ríkisins byggir á 37. gr. laga nr. 30/2003. Sé heimildin nýtt umfram 35% skal dreifa fjárfestingum á a.m.k. sex mismunandi verðbréfaútgáfur og má fjárfesting í einni og sömu verðbréfaútgáfu ekki nema hærrí fjárhæð en sem svarar til 30% af eignum sjóðsdeildarinnar, sbr. 37. gr. laganna.

⁴ Verðtryggingarhlutfall er hlutfall verðtryggðra eigna af eignasafni sjóðsdeildar. Verðmæti verðtryggðra eigna taka breytingum í samræmi við breytingar á vísitölu neysluverðs og breytingar á ávöxtunarkröfu sem gerðar eru til þeirra.

- Íslenski verðbréfamarkaðurinn er smár í sniðum og samanhjappaður. Í því felst að kaupendur og seljendur eru oft fáir og geta verið tengdir. Því getur verðmyndun verðbréfa og peningamarkaðsskjala verið óvirkari en getur verið á stærri mörkuðum þar sem kaupendur og seljendur eru iðulega fleiri og dreifðari. Auk þess geta eignatengsl verið milli einstakra útgefenda verðbréfa og peningamarkaðsskjala sem getur leitt til þess að vandamál eða erfiðleikar einstakra félaga hafi víðtækari áhrif en ella.
- Önnur áhætta er óveruleg, en getur þó verið fyrir hendi.

Vegna aðstæðna sem hafa skapast á fjármálamörkuðum í upphafi októbermánaðar 2008, sem leiddi m.a. til setningar laga 125/2008, hefur Rekstrarfélag verðbréfasjóða ÍV hf. ákveðið í samræmi við tilmæli stjórnar Fjármálaeftirlitsins að grípa til aðgerða sem leiða til slita á sjóðsdeildinni Peningamarkaðssjóður ÍV.

Engar innlausnir verða úr sjóðsdeildinni Peningamarkaðssjóður ÍV. Rekstrarfélag verðbréfasjóða ÍV hf. mun að eigin frumkvæði greiða inn á innlánsreikninga allra hlutdeildarskírteinishafa í samræmi við hlutfallslega eign þeirra eftir því sem eignir fást greiddar uns engar eignir eru eftir í eignasafni sjóðsins.

Markmiðið með þessari aðgerð er að tryggja jafnræði allra hlutdeildarskírteinishafa á þann hátt að allir hlutdeildarskírteinishafar fái greitt hlutfallslega úr sjóðsdeildinni í samræmi við eign sína.

Reglubreyting þessi er gerð á grundvelli 2. mgr. 12. gr. laga nr. 30/2003.

Sjóðsdeildinni Peningamarkaðssjóður ÍV verður slitið þegar engar eignir eru eftir í eignasafni. Ákvörðun um slit verður tekin af stjórn Rekstrarfélags verðbréfasjóða ÍV hf.

Samruni sjóðsdeildarinnar við aðra sjóði er óheimill.

Ávöxtun Peningamarkaðssjóðs ÍV

Nafnávöxtun Peningamarkaðssjóðs ÍV á ári fyrir árin 2004 til 2008 er að finna í eftirfarandi töflu.

Peningamarkaðssjóður ÍV	
Ár	Nafnávöxtun
2004	6,92%
2005	8,67%
2006	11,96%
2007	14,24%
2008	-26,58%

Samkvæmt leiðbeinandi tilmælum Fjármálaeftirlitsins nr. 3/2004 skal reikna og birta heildarkostnaðarhlutfall (HKH) sjóðs fyrir liðið reikningsár. HKH hlutfall sjóðs jafngildir hlutfalli heildarrekstrarkostnaðar af hreinni meðaleignastöðu. Hrein meðaleignastaða er reiknuð á grundvelli upplýsinga um hreinar meðaleignir sjóðs við útreikning á innlausnarvirði sjóðs, þ.e.a.s. daglegt innlausnarvirði. Útreikningsaðferð heildarkostnaðarhlutfalls skal staðfest af endurskoðanda sjóðs.

Heildarkostnaðarhlutfall Peningamarkaðssjóðs ÍV fyrir árið 2005 var 0,72%.

Samkvæmt leiðbeinandi tilmælum Fjármálaeftirlitsins nr. 3/2004 skal reikna og birta veltuhlutfall sjóðs fyrir liðið reikningsár. Veltuhlutfall verðbréfasafns felur í sér vísbendingu um viðskiptakostnað og er það reiknað á staðlaðan hátt, sbr. umfjöllun um þóknanir.

Veltuhlutfall Peningamarkaðssjóðs ÍV fyrir árið 2005 er -780,85%. Ástæða þess að hlutfallið er neikvætt er að samtala kaupa og sölu verðbréfa var lægri en samtala keypra og innleysta hlutdeildarskírteina á tímabilinu. Þegar kaup og innlaustn hlutdeildarskírteina eru mjög tíð er ekki ávallt um að ræða samhliða fjárfestingu í verðbréfum auk þess sem mikið var notast við innlán sem ávöxtunarform á árinu 2008.

Skammtímasjóður ÍV

Skammtímasjóður ÍV fjárfestir í ríkistryggðum skuldabréfum/víxlum, skuldabréfum/víxlum útgefnum af sveitarfélögum og innlánnum fjármálafyrirtækja.

Nánar skilgreind fjárfestingarstefna sjóðsdeildarinnar er:

- a) ríkistryggð⁵ verðbréf, 0 - 50%⁶
- b) verðbréf sveitafélaga, 0-15%
- c) innlán fjármálafyrirtækja, 50-100%
- d) óskráð verðbréf, 0 - 10%

Heimild sjóðsdeildarinnar til fjárfestingar í óskráðum verðbréfum er takmörkuð við aðra liði fjárfestingarstefnu sjóðsdeildarinnar.

Sjóðsdeildum er heimilt að nota afleiður, t.d. til þess að fastsetja hagnað eða ákveða verð, vegna fyrirsjáanlegra innlausna og afborgana skuldabréfa eða vegna markaðsaðstæðna enda sé slíkt hluti að eignastýringu sjóðsdeildarinnar og í samræmi við fjárfestingarstefnu hennar. Helstu tegundir afleiða sem sjóðurinn notar eru framvirkir samningar, þar sem skuldabréf eru keypt eða seld framvirkt. Með slíkum samningum skuldbindur sjóðsdeildin sig til að eiga viðskipti með undirliggjandi skuldabréf á tilteknu verði á eða innan tiltekins tíma. Í framvirkum samningi felst markaðsáhætta og mótaðilaáhætta, sbr. umfjöllun um áhættu hér að neðan. Gagnaðilar í afleiðuviðskiptum sjóðsdeildarinnar skulu einungi vera aðilari er lúta eftirliti Fjármálaeftirlitsins. Heimilt er að eiga við skipti með skráðar og óskráðar afleiður, enda sé hægt að reikna verðmæti slíkra samninga daglega og eiga með þá viðskipti á raunvirði hverju sinni. Afleiður skulu ekki nema meiru en 10% af hreinni eign sjóðsdeildarinnar og beitir sjóðsdeildin einfaldri aðferðarfræði við notkun þeirra sem þýðir að afleiðustöðu sjóðsdeildarinnar er umbreytt í samsvarandi stöðu í þeim undirliggjandi eignum sem viðkomandi afleiður taka til.

Stýring sjóðsdeildarinnar byggir á markvissri eignaráðstöfun og tíðri aðlögun eignasamsetningar.

Fjárfestar ættu að gera sér grein fyrir því að virði fjárfestingar í sjóðsdeildinni getur lækkað jafnt sem hækkað og að fjárfestar kunni að fá minna til baka heldur en upphaflega var fjárfest fyrir.

Fjárfesting í fjárfestingarsjóði felur ávallt í sér einhverja áhættu og felst hún í eftirfarandi varðandi Skammtímasjóð ÍV:

- Helsta áhætta fjárfesta í sjóðnum felst í hækkun á fjármálamarkaði á ávöxtunarkröfu þeirri sem gerð er til skuldabréfa í eigu sjóðsins og þar með

^{5 5} Lánshæfiseinkunn skv. Standard & Poor's sbr. tilkynningur Seðlabanka Íslands dags. 24.11.2008 er A-2/BBB+.

⁶ Heimild sjóðsdeildarinnar til að fjárfesta allt að 50% í verðbréfum útgefnum af eða með ábyrgð íslenska ríkisins byggir á 37. gr. laga nr. 30/2003. Sé heimildin nýtt umfram 35% skal dreifa fjárfestingum á a.m.k. sex mismunandi verðbréfaútgáfur og má fjárfesting í einni og sömu verðbréfaútgáfu ekki nema hærri fjárhæð en sem svarar til 30% af eignum sjóðsdeildarinnar, sbr. 37. gr. laganna.

lækkun á markaðsverði bréfa í sjóðnum. Stuttur meðallíftími Skammtímasjóðs ÍV dregur úr þeirri áhættu.

- Þar sem hluti eigna sjóðsins er ekki útgefinn eða með ábyrgð ríkissjóðs er greiðsluáhætta meiri en í sjóðum sem fjárfesta eingöngu í ríkistryggðum bréfum.
- Áhættan að greiðsla í greiðslukerfi gerist ekki með sama hætti og var vænst vegna þess að mótaðili greiði eða afhendi ekki á réttum tíma (uppgjörshætta).
- Lausafjárahætta, þ.e. áhættan að eign seljist ekki tímanlega á ásættanlegu verði er fyrir, hendi, þ.s. ekki er virkur markaður með alla eignaflokka sjóðsdeildarinnar á öllum tímum.
- Áhætta sem felst í því að eignir í vörslu geti tapast vegna gjaldþrots, vanrækslu eða sviksamlegra athafna af hálfu vörsluaðila. Hún er þó óveruleg þar sem vörsluaðili sjóðsins er traust fyrirtæki.
- Aðrir almennir áhættuþættir geta verið fyrir hendi, s.s. skortur á vissu um að ytri aðstæður verði óbreyttar til framtíðar (t.d. stöðugleiki í stjórnámálum og skattakerfi), frammistöðuáhætta (t.d. breytileiki áhættustigs eigna og ábyrgða þeim tendum) og verðbólguáhætta (sem fer m.a. eftir verðtryggingarhlutfalli⁷ eignasafnsins).
- Íslenski verðbréfamarkaðurinn er smár í sniðum og samanþjappaður. Í því felst að kaupendur og seljendur eru oft fáir og geta verið tengdir. Því getur verðmyndun verðbréfa verið óvirkari en getur verið á stærri mörkuðum þar sem kaupendur og seljendur eru iðulega fleiri og dreifðari.
- Önnur áhætta er óveruleg, en getur þó verið fyrir hendi.

Eignum sjóðsdeildarinnar er stýrt með það að markmiði að ná fram stöðugri ávöxtun. Meðallíftími skuldabréfahluta eignasafns sjóðsdeildarinnar skal ekki vera lengri en 1 ár og fjárfestir sjóðsdeildin ekki í einstökum skuldabréfum með lengri meðallíftíma en 3 ár. Fjárfesting í verðbréfasafni felur í sér áhættudreifingu og er áhættuminni en fjárfesting í einstökum verðbréfum. Verðmæti skuldabréfa er m.a.a. háð þróun markaðsvaxta, verðbólgu og framboði og eftirspurn. Breytingar á ávöxtunarkröfu hafa meiri áhrif á verð skuldabréfa með langan líftíma en verð skuldabréfa með skamman líftíma. Löng skuldabréf og skuldabréfasjóðir með langan meðallíftíma sveiflast því meira í verði og eru því áhættumeiri en skuldabréf og skuldabréfasjóðir með skamman líftíma. Arður eða annar hagnaður af verðbréfum í Skammtímasjóðs ÍV skal endurfjárfestur innan ramma fjárfestingarstefnu deildarinnar.

Skammtímasjóður ÍV hentar jafnt einstaklingum sem fagfjárfestum til skemmri tíma ávöxtunar þar sem ekki er munur á kaup- og sölugengi.

Ávöxtun Skammtímasjóðs ÍV

Þar sem Skammtímasjóður ÍV er nýstofnuð sjóðsdeild liggur ávöxtunarsaga ekki fyrir og er ekki unnt að birta slíkar upplýsingar fyrr en að einu reikningsári liðnu.

Samkvæmt leiðbeinandi tilmælum Fjármálaeftirlitsins nr. 3/2004 skal reikna og birta heildarkostnaðarhlutfall (HKH) sjóðs fyrir liðið reikningsár. HKH hlutfall sjóðs

⁷ Verðtryggingarhlutfall er hlutfall verðtryggðra eigna af eignasafni sjóðsdeildar. Verðmæti verðtryggðra eigna taka breytingum í samræmi við breytingar á vísitölu neysluverðs og breytingar á ávöxtunarkröfu sem gerðar eru til þeirra.

jafngildir hlutfalli heildarrekstrarkostnaðar af hreinni meðaleignastöðu. Hrein meðaleignastaða er reiknuð á grundvelli upplýsinga um hreinar meðaleignir sjóðs við útreikning á innlausnarvirði sjóðs, þ.e.a.s. daglegt innlausnarvirði. Útreikningsaðferð heildarkostnaðarhlutfalls skal staðfest af endurskoðanda sjóðs. Þar sem um er að ræða nýstofnaða sjóðsdeild er ekki unnt að reikna umrætt hlutfall fyrir en að einu reikningsári liðnu.

Samkvæmt leiðbeinandi tilmælum Fjármálaeftirlitsins nr. 3/2004 skal reikna og birta veltuhlutfall sjóðs fyrir liðið reikningsár. Veltuhlutfall verðbréfasafns felur í sér vísbendingu um viðskiptakostnað og er það reiknað á staðlaðan hátt, sbr. umfjöllun um þóknanir. Þar sem um er að ræða nýstofnaða sjóðsdeild er ekki unnt að reikna umrætt hlutfall fyrir en að einu reikningsári liðnu.

Almenn varnaðarorð fyrir alla fjárfesta.

Fjárfesting í verðbréfum felur í sér áhættu. Sjá nánari umfjöllun um áhættu samfara fjárfestingu í einstökum sjóðsdeildum hér á undan. Gengi verðbréfa getur lækkað jafnt sem hækkað. Fjárfesting í verðbréfasafni felur í sér áhættudreifingu og er áhættuminni er en fjárfesting í einstökum verðbréfum.

Verðmæti skuldabréfa er m.a. háð þróun markaðsvaxta, verðbólgu sem og framboði og eftirspurn. Breytingar á ávöxtunarkröfu hafa meiri áhrif á verð skuldabréfa með langan líftíma en verð skuldabréfa með stuttan líftíma. Löng skuldabréf og skuldabréfasjóðir með langan meðallíftíma sveiflast því meira í verði og eru því áhættumeiri en skuldabréf eða skuldabréfasjóðir með stuttan meðallíftíma.

Hlutabréf eru almennt mun áhættumeiri en skuldabréf. Gengi hlutabréfa er háð mörgum þáttum en þar vega væntingar um afkomu hlutafélaga þungt ásamt ýmsum ytri þáttum. Hlutabréf eru áhættumikil fjárfesting og ætti fjárfesting í þeim að vera hugsuð til lengri tíma.

Ávöxtun í fortíð er engin trygging fyrir hver ávöxtun einstakra deilda í Fjárfestingarsjóði ÍV verður í framtíð.

Viðskiptaupplýsingar

Gefin eru út sérstök verðbréf í formi hlutdeildarskírteina, óski kaupendur eftir slíku skírteini við kaup í sjóðnum, að öðrum kosti gildir kvittun fyrir kaupum sem staðfesting á eignarhlut. Skírteinin eru send í ábyrgðarpósti eigi síðar en 30 dögum eftir að kaupin eiga sér stað og söluaðili hefur gefið út kvittun. Viðskiptavinir sem fengið hafa kvittanir fyrir keyptum hlutdeildarskírteinum í stað formlegra skírteina geta hins vegar hvenær sem er óskað eftir að skírteini séu gefin út þeim til handa. Skírteini þessi skulu skráð á nafn. Allir, sem eiga hlutdeild að sjóðsdeildum í Fjárfestingarsjóði ÍV, eiga sama rétt til tekna og eigna deildarinnar í hlutfalli við eign sína, og eru skírteinin (kvittanirnar) staðfesting á tilkalli til verðbréfaeignar.

Rekstrarfélag verðbréfasjóða ÍV hf. gefur út hlutdeildarskírteini í einingaformi, þ. e. þau eru gefin út á hvaða einingu sem er með allt að 4 aukastöfum.

Á kvittun fyrir kaupum í Fjárfestingarsjóði ÍV skal eftirfarandi koma fram:

- a) Nafn Fjárfestingarsjóðs ÍV.
- b) Nafn og kennitala kaupanda
- c) Nafnverðseiningar, gengi og kaup/söluverð.
- d) Dagsetning viðskiptadags og uppgjörsdags.
- e) Gjaldmiðill og gjaldmiðlagengi (sé um að ræða annan gjaldmiðil en ISK).

Hlutdeildarskírteini eru gefin út af sjóðnum til þeirra sem þess óska og send í ábyrgðarpósti eigi síðar en 30 dögum eftir að kaupin eiga sér stað og söluaðili hefur gefið út kvittun. Viðskiptavinir sem fengið hafa kvittanir fyrir keyptum hlutdeildarskírteinum í stað formlegra skírteina geta hins vegar hvenær sem er óskað eftir að skírteini séu gefin út þeim til handa.

Í hlutdeildarskírteinum skal eftirtalinna atriða m. a. getið:

- f) Nafn Fjárfestingarsjóðs ÍV, vörslufyrirtækis og rekstrarfélags.
- g) Nafns og kennitölu upphaflegs eiganda skírteinis og númers þess.
- h) Hvernig hlutdeildarskírteini verði innleyst og hvaða reglur gildi um arðgreiðslur.
- i) Nafn og kennitölu framsalshafa, hafi hlutdeildarskírteini gengið kaupum og sölum án innlausnar þess. Hlutdeildarskírteini skal vera dagsett og undirritað af stjórn Rekstrarfélags verðbréfasjóða ÍV hf. eða þeim, sem hún hefur gefið umboð til þess. Nafnárítunin má vera prentuð eða framsett á annan sambærilegan hátt.

Innlausnarvirði hlutdeildarskírteina í Fjárfestingarsjóði ÍV er markaðsvirði samanlagðra eigna hvernar deildar innan Fjárfestingarsjóðs ÍV að frádregnum skuldum hennar við innlausn, svo sem skuldum við innlánsstofnanir, ógreiddum umsýslu- og stjórnunarkostnaði, innheimtukostnaði og áföllnum eða reiknuðum opinberum gjöldum. Að öðru leyti fer innlausnarverð sérhvernar einingar eftir gildandi stjórnvaldsfyrirmælum á hverjum tíma.

Viðskipti með sjóðina eru framkvæmd með seinkun. Í Hlutabréfasjóði ÍV og Skammtímasjóði ÍV fara viðskipti fram daginn eftir (t+1).

Rekstrarfélag sjóðsins, Rekstrarfélag verðbréfasjóða ÍV hf. selur og innleysir (kaupir) hlutdeildarskírteini sjóðsins á daglegu gengi. Rekstrarfélagið hefur samið við Íslensk verðbréf hf. um að fyrirtækið sjái um viðskipti með hlutdeildarskírteini fyrir sjóðinn, sjái um miðlun fyrir sjóðinn og hafi með höndum umsjón og vörslu verðbréfa sjóðsins. Með hliðsjón af 17. og 18. gr. laga 30/2003 getur rekstrarfélagið einnig falið öðrum aðilum að annast þá sölu, svo sem sjálfstætt starfandi verðbréfamíðlurum, verðbréfafyrirtækjum, bönkum og sparisjóðum, að fengnu samþykki FME.

Upplýsingar um kostnað við kaup og sölu hlutdeildarskírteina, daglegt viðmiðunargengi ofl. upplýsingar sem gagnlegar eru fyrir viðskiptavinum eru birtar á heimasíðu Íslenskra verðbréfa hf. (www.iv.is) og eru enn fremur aðgengilegar á skrifstofu félagsins. Þar má einnig nálgast útboðslýsingu, ársreikning og árshlutareikning endurgjaldslaust fyrir og eftir samningsgerð sé þess óskað.

Umsóknir um innlausnir, sem Íslenskum verðbréfum hf. berast fyrir kl. 16:00 á opnunardegi banka og sparisjóða, ber að afgreiða, ef innlausnin er samþykkt, á grundvelli verðmætis hreinnar eignar sjóðdeildar. Umsóknir sem berast eftir þennan frest ber að afgreiða næsta virka dag þar á eftir (sjá þó ákvæði um heimild til frestunar á innlausn hér á eftir). Þó er heimilt að fresta innlausn hlutdeildarskírteina mæli sérstakar ástæður með því og hagsmunir eigenda hlutdeildarskírteina krefjast þess. Sem dæmi um þetta má nefna ef um lokun kauphallar er að ræða. Frestun skal vera almenn og taka til allra hlutdeildarskírteina. Frestun á innlausn skal þegar tilkynnt Fjármálaeftirlitinu. Jafnframt skal frestun auglýst opinberlega.

Eiganda hlutdeildarskírteina er heimilt að framselja rétt sinn í sjóðsdeildinni nafngreindum einstaklingi eða lögaðila, en skylt er framseljanda að tilkynna Íslenskum verðbréfum hf. um framsalið. Fyrirtækið skal þá skrá framsalshafa sem eiganda hlutdeildarskírteina í einingaskrá í stað framseljanda. Sé röð framsala á hlutdeildarskírteini gölluð, verður það ekki innleyst nema handhafi leiði fullar sönnur að eignarheimild sinni. Aðili, sem eignast hlutdeildarskírteini við nauðungarsölu eða á annan hátt án atbeina eiganda, skal þegar í stað tilkynna Íslenskum verðbréfum hf. um eigandaskiptin.

Um fyrningu krafna samkvæmt hlutdeildarskírteinum fer að lögum nr. 14/1905 um fyrningu skulda og annarra kröfuréttinda. Fyrningartími vaxta er 4 ár frá gjalddaga, en fyrningartími höfuðstóls er 10 ár frá gjalddaga.

Fjárfestar greiða 10% fjármagnstekjuskatt af gengishagnaði, samkvæmt lögum nr. 94/1996. Fjárfestum ber að taka tillit til og gæta að því að frekari skattlagning kann að eiga við einstaka fjárfesta t.d. erlenda með hliðsjón af þeim reglum sem gilda hverju sinni. Sé fjárfestir óviss um stöðu sína þá er honum ráðlagt að leita faglegrar ráðgjafar eða upplýsinga. Rekstrarfélag verðbréfasjóða ÍV hf., sér um að standa skil á fjármagnstekjuskatti vegna viðskipta með hluti í sjóðsdeildum Fjárfestingarsjóðs ÍV, samkvæmt 3. gr. laga nr. 94/1996, um staðgreiðslu skatts á fjármagnstekjur, en hann reiknast þegar einingar eru seldar með hagnaði eða þegar tekjur eru greiddar af einingunum.

Vörslufyrirtæki

Umsjá og varðveisla fjármálagerninga Fjárfestingarsjóðs ÍV skal falinn vörslufyrirtæki skv. 20. gr. laga nr. 30/2003. Vörslufyrirtæki Fjárfestingarsjóðs ÍV er Íslensk verðbréf hf. Fjármunum sjóðsdeilda skal haldið aðgreindum frá fjármunum vörslufyrirtækis.

Vörslufyrirtæki skal:

1. tryggja að sala, útgáfa, endurkaup, innlausn og ógilding hlutdeildarskírteina fjárfestingarsjóðs fari samkvæmt lögum og samþykktum sjóðsins
2. tryggja að innlausnarvirði hlutdeildarskírteina sé reiknað í samræmi við lög
3. framfylgja fyrirmælum rekstrarfélags fjárfestingarsjóðs nema þau séu í andstöðu við lög og samþykktir hans
4. tryggja að í viðskiptum með eignir fjárfestingarsjóðs sé endurgjald fyrir þær innt af hendi innan eðlilegra tímamarka
5. tryggja að tekjum fjárfestingarsjóðs sé ráðstafað í samræmi við lög og samþykktir sjóðsins

Gerður er skriflegur samningur á milli aðila og er hann uppsegjanlegur af beggja hálfu með eins árs fyrirvara. Óheimilt er að skipta um vörslufyrirtæki nema með samþykki Fjármálaeftirlitsins, sbr. 2. mgr. 21. gr. laga nr. 30/2003.

Vinna og/eða kostnaður sem fellur til hjá vörslufyrirtæki skal innheimt skv. reikningum hjá rekstrarfélagi. Auk þess greiðir Rekstrarfélag verðbréfasjóða ÍV hf. Íslenskum verðbréfum hf. þóknun, 50.000 kr. á mánuði, fyrir eftirlitshlutverk sitt og vörslu varðandi Fjárfestingarsjóð ÍV.

Útvistuð verkefni

Einnig hefur verið gerður sérstakur samningur við Íslensk verðbréf hf. varðandi útvistun verkefna. Samkvæmt þeim samningi sjá Íslensk verðbréf hf., um fyrir hönd rekstrarfélagsins:

1. Bókhaldsþjónusta
2. Þjónusta við viðskiptavinum
3. Viðhaldi skrár yfir eigendur hlutdeildarskírteina
4. Útgáfu og innlausn hlutdeildarskírteina
5. Sölu og markaðssetningu
6. Uppgjöri viðskipta
7. Vörslu hlutdeildarskírteina og gagna um viðskipti
8. Regluvörslu
9. Útvistun verkefna hefur ekki áhrif á ábyrgð rekstrarfélags gagnvart eigendum hlutdeildarskírteina sbr. 2. mgr. 18. gr. laga nr. 30/2003.

Kostnaður vegna útvistarverkefna er greiddur af þeim umsjónarlaunum sem rekstrarfélagið fær af sjóðsdeildunum.

Útvistun verkefna hefur engin áhrif á ábyrgð rekstrarfélagsins gagnvart eigendum hlutdeildarskírteina, sbr. 2. mgr. 18. gr. laga nr. 30/2003.

Póknanir

Fjárfestingarsjóður ÍV skal greiða Rekstrarfélagi verðbréfasjóða ÍV hf. eftirfarandi þóknanir fyrir umsýslu og reiknast gjaldið af heildarmarkaðsverði sjóðsins á hverjum tíma, á ári:

- Hlutabréfasjóður ÍV – 1,6% umsýsluþóknun
- Skammtímasjóður ÍV – 0,5% umsýsluþóknun
- Peningamarkaðssjóður ÍV - 0,7% umsýsluþóknun
- Umsýsluþóknunina skal Fjárfestingarsjóður ÍV greiða mánaðarlega og er hún reiknuð af markaðsverði hvernar sjóðsdeildar í mánaðarlok.
- Ekki eru innheimt önnur gjöld af eignum sjóðsins.

Athugið:

- 15% afsláttur er veittur af umsýsluþóknun ef heildarmarkaðsverð eigna einstakra fjárfesta í sjóðum fer yfir 500 milljónir.
- 25% afsláttur er veittur af umsýsluþóknun ef heildarmarkaðsverð eigna einstakra fjárfesta í sjóðum fer yfir 1.000 milljónir.
- Ekki er veittur afsláttur af umsýsluþóknun Peningamarkaðssjóðs ÍV eða Skammtímasjóðs ÍV.

Söluþóknun er:

- 2,00% af Hlutabréfasjóði ÍV
- Engin söluþóknun tekin vegna Skammtímasjóðs ÍV
- Engin söluþóknun tekin vegna Peningamarkaðssjóðs ÍV

Söluþóknunin skal koma fram í mismun á kaup- og sölugengi bréfa í sjóðnum.

Athugið:

- 50% afsláttur er veittur af söluþóknun ef einstök fjárfesting einstakra fjárfesta fer yfir 100 milljónir.

Fjárfestingarsjóður ÍV greiðir Íslenskum verðbréfum hf. þóknun, 50.000 kr. á mánuði, fyrir eftirlitshlutverk sitt og vörslu varðandi Fjárfestingarsjóð ÍV. Beinn kostnaður sem fellur til vegna reksturs og umsýslu fyrir Fjárfestingarsjóð ÍV, s.s. vegna endurskoðunar, auglýsingar o. s. frv. skal greiddur af Rekstrarfélagi verðbréfasjóða ÍV hf. Þóknanir vegna útvistaðra verkefna greiðast af umsýslugjaldi sem rekstrarfélagið fær af sjóðsdeildunum.

Rétt er að benda á m.t.t 2. mgr. 50 gr. laga nr. 30/2003 að ef sjóðsdeild í Fjárfestingarsjóði ÍV fjárfestir í öðrum sjóðum sem reknir eru af Rekstrarfélagi verðbréfasjóða ÍV hf. þá er rekstrarfélaginu ekki heimilt að taka þóknun fyrir áskrift eða innlausn fyrir fjárfestingu í sjóðunum. M.t.t 6. mgr. 48 gr. laga nr. 30/2003 skal bent á að sjóðir sem sjóðsdeildir í Fjárfestingarsjóði ÍV fjárfesta í ekki bera hærri stjórnunarkostnað en 2,00%.

Veltuhlutfall verðbréfasafns felur í sér vísbendingu um viðskiptakostnað og er það reiknað á eftirfarandi staðlaðan hátt:

$$\text{Veltuhlutfall} = [(\text{samtala 1} - \text{samtala 2}) / M] * 100.$$

Velta sjóðs eða sjóðsdeildar skal reiknuð með eftirfarandi hætti:
Kaup verðbréfa = X, sala verðbréfa = Y

$$\text{Samtala 1} = \text{Heildarvelta verðbréfa} = X + Y.$$

Verðmæti útgefinna hlutdeildarskírteina = S
Verðmæti innleystra hlutdeildarskírteina = T

$$\text{Samtala 2} = \text{Heildarvelta hlutdeildarskírteina} = S + T.$$

Viðmiðun meðaltals hreinna heildareigna = M.

Veltuhlutfall einstakra sjóðsdeilda er tilgreint í umfjöllun við hverja deild.

Önnur ákvæði

Telji stjórn rekstarfélagsins að nauðsynlegt sé að sameina einstakar sjóðsdeildir eða ef ætlunin er að slíta einstaka sjóðsdeildum skal fara með málið fyrir hluthafafund Rekstrarfélags verðbréfasjóða ÍV hf. og þarf 2/3 hluta eigenda að samþykka breytingarnar. Leita skal samþykkis Fjármálaeftirlitsins áður en samruni eða slit eru framkvæmt. Tilkynna þarf eigendum hlutdeildarskírteina um breytingarnar.

Ef slíta á deildinni skal innlausnarvirði hlutdeildarskírteina í Fjárfestingarsjóðs ÍV vera markaðsvirði samanlagðra eigna deildar verðbréfasjóðssins að frádragnum skuldum hennar við innlausn, svo sem skuldum við innlánsstofnanir, ógreiddum umsýslu- og stjórnunarkostnaði, innheimtukostnaði og áföllnum eða reiknuðum opinberum gjöldum. Um útreikning á innlausnarvirði fer eftir þeim stjórnvaldsreglum sem gilda hverju sinni um framkvæmd útreiknings á innlausnarvirði hlutdeildarskírteina fjárfestingarsjóða á Íslandi. Eftir að ákveðið hefur verið að slíta deildinni skal fengin staðfesting endurskoðanda á lokainnlausnarverði áður en hafist verið við að greiða út hluti.

Ef hins vegar á að sameina deildina annarri deild skal gefa sjóðsfélögum kost á að fá sinn hlut innleystan innan þriggja vikna frá því að sameining hefur verið samþykkt. Á þeim tíma skal innlausnarverð hvers hluta liggja fyrir.

Sjóðdeildin Peningamarkaðssjóður ÍV verður ekki sameinuð öðrum sjóðum sbr. 3. grein reglna Fjárfestingarsjóðs ÍV. Um slit deildarinnar fer skv. 3. grein fyrrgreindra reglna.

Rekstrarfélag verðbréfasjóða ÍV hf.

1. Rekstrarfélag Fjárfestingarsjóðs ÍV heitir Rekstrarfélag verðbréfasjóða ÍV hf. (kt. 491001-2080). Hluthafar félagsins eru tveir. Íslensk verðbréf hf. kt. 610587-1519 með 99,75% hlut og Tækifæri hf. 631299-2299 með 0,25% hlut. Félagið er til heimilis og hefur aðstöðu hjá Íslenskum verðbréfum hf., að Strandgötu 3, 600 Akureyri.
2. Rekstrarfélag verðbréfasjóða ÍV hf. hét áður Íslensk verðbréf – Eignastýring ehf.
3. Rekstrarfélagið rekur Fjárfestingasjóð ÍV sem og Verðbréfasjóð ÍV.
4. Stjórnarmenn rekstrarfélagsins eru þrír: Sævar Helgason (stjórnarformaður), Ólafur Rúnar Ólafsson og Jóhannes Jónsson. Varamenn eru: Ásgeir Sólbergsson, Sigrún Skarphéðinsdóttir og Guðni Örn Hauksson. Framkvæmdarstjóri félagsins er Jón Helgi Pétursson.
 - 4.1. Sævar Helgason er framkvæmdastjóri Íslenskra verðbréfa. Hann lauk B.Sc. prófi frá rekstrardeild Háskólans á Akureyri vorið 1997 og löggildingarnámi í verðbréfamiðlun frá Háskóla Íslands vorið 1998. Sævar starfaði hjá Landsbréfum á Akureyri og síðar á fyrirtækja- og stofnanasviði Viðskiptastofu Landsbanka Íslands. Hann hóf störf hjá Íslenskum verðbréfum í júlí 1998.
 - 4.2. Ólafur Rúnar Ólafsson lauk embættisprófi í lögum í febrúar 2001 og hlaut réttindi sem héraðsdómslögmaður í júlí 2002. Ólafur starfaði hjá Fjármálaeftirlitinu 2001-2002, rak eigin lögmannsstofu 2003-2004 en starfar nú sem svæðisstjóri á Norðurlandi hjá Intrum á Íslandi hf.
 - 4.3. Jóhannes Jónsson er stjórnarformaður Haga hf. og stjórnarmaður í Baugi Group.
 - 4.4. Jón Helgi Pétursson lauk B.Sc. prófi frá rekstrardeild Háskólans á Akureyri vorið 1997, MBA námi í “general management” frá The University of Hull 1998 og löggildingarnámi í verðbréfamiðlun frá Háskóla Íslands vorið 2001. Frá 1998-2000 starfaði Jón Helgi sem rekstrarráðgjafi hjá Rekstri og ráðgjöf Norðurlandi ehf., frá 2000-2005 gengdi hann stöðu sparissjóðsstjóra Sparissjóðs Höfðhverfinga, og tók svo við starfi framkvæmdastjóra Rekstrarfélags verðbréfasjóða ÍV hf. í maí 2005.
 - 4.5. Guðni Örn Hauksson er sparissjóðsstjóri Sparissjóðs Þórshafnar og nágrennis.
 - 4.6. Sigrún Skarphéðinsdóttir er skrifstofustjóri Sparissjóðs Norðlendinga.
 - 4.7. Ásgeir Sólbergsson er sparissjóðsstjóri Sparissjóðs Bolungarvíkur.
5. Löggiltir endurskoðendur Rekstrarfélags verðbréfasjóða ÍV hf. er KPMG endurskoðun Akureyri hf, Glerárgötu 24, 600 Akureyri.
6. Hlutfé Rekstrarfélags verðbréfasjóða ÍV hf. er kr. 16.000.000 (sextán milljónir) - og hefur allt hlutfé þegar verið greitt.

Upplýsingar um vörslufyrirtækið

1. Félagið heitir Íslensk verðbréf hf. kt. 610587-1519 og fékk starfsleyfi verðbréfafyrirtækis 26.5.1995. Um félagið gilda lög nr. 33/2003, um verðbréfaviðskipti og lög nr. 161/2002, um fjármálafyrirtæki.
2. Framkvæmdastjóri er Sævar Helgason og stjórnina skipa: Kári Arnór Kárason, Kristján Þór Júlíusson og Jón Kristinn Sólmes.
3. Aðsetur félagsins er að Strandgötu 3, 600 Akureyri.
4. Meginstarfsemi Íslenskra verðbréfa hf., samkvæmt samþykktum félagsins er að bjóða viðskiptavinum sínum þjónustu á öllum helstu sviðum verðbréfaviðskipta s.s. á sviði fjárvörslu og eignastýringar, verðbréfamiðlunar, útgáfu verðbréfa, sjóðastýringar og almennrar ráðgjafar við val á sparnaðarleiðum.

Reglur fyrir Fjárfestingarsjóð ÍV

I. Heiti sjóðs

1. grein

Sjóðurinn heitir Fjárfestingarsjóður ÍV.

2. grein

Markmiðið með Fjárfestingarsjóði ÍV er að ná góðri ávöxtun og áhættudreifingu með fjárfestingu í verðbréfum. Sjóðsdeildir Fjárfestingarsjóðs ÍV veita viðtöku fé frá almenningi til sameiginlegrar fjárfestingar í framseljanlegum á grundvelli áhættudreifingar samkvæmt fyrirfram kunngerðri fjárfestingarstefnu. Fjárfestingarsjóður ÍV er fjárfestingarsjóður sbr. III. kafla A í lögum nr. 30/2003 um verðbréfasjóði og fjárfestingarsjóði. Sem fjárfestingarsjóður hefur sjóðurinn og einstakar sjóðsdeildir eingöngu heimild til markaðssetningar á Íslandi.

3. grein

Fjárfestingarsjóður ÍV er starfræktur í þremur deildum sem heita Hlutabréfasjóður ÍV, Skammtímasjóður ÍV og Peningamarkaðssjóður ÍV.

Vegna aðstæðna sem hafa skapast á fjármálamörkuðum í upphafi októbermánaðar 2008, sem leiddi m.a. til setningar laga 125/2008, hefur Rekstrarfélag verðbréfasjóða ÍV hf. ákveðið í samræmi við tilmæli stjórnar Fjármálaeftirlitsins að grípa til aðgerða sem leiða til slita á sjóðsdeildinni Peningamarkaðssjóður ÍV.

Engar innlausnir verða úr sjóðsdeildinni Peningamarkaðssjóður ÍV. Rekstrarfélag verðbréfasjóða ÍV hf. mun að eigin frumkvæði greiða inn á innlánsreikninga allra hlutdeildarskírteinishafa í samræmi við hlutfallslega eign þeirra eftir því sem eignir fást greiddar uns engar eignir eru eftir í eignasafni sjóðsins.

Markmiðið með þessari aðgerð er að tryggja jafnræði allra hlutdeildarskírteinishafa á þann hátt að allir hlutdeildarskírteinishafar fái greitt hlutfallslega úr sjóðsdeildinni í samræmi við eign sína.

Reglubreyting þessi er gerð á grundvelli 2. mgr. 12. gr. laga nr. 30/2003.

Sjóðsdeildinni Peningamarkaðssjóður ÍV verður slitið þegar engar eignir eru eftir í eignasafni. Ákvörðun um slit verður tekin af stjórn Rekstrarfélags verðbréfasjóða ÍV hf.

Tilkynna skal slíka tilhögun sérhverjum hlutdeildarskírteinishafa bréfleiðis ásamt upplýsingum um eign þess aðila í sjóðsdeildinni. Ákvörðunin skal einnig auglýst í dagblöðum.

Tilkynning til hlutdeildarskírteinishafa skal meðal annars hafa að geyma ákvæði um skilmála slita og tilgreinda dagsetningu gildistöku slitanna.

Samruni sjóðsdeildarinnar við aðra sjóði er óheimill.

II. Fjárfestingarstefna

4. grein

Fjárfestingar fjárfestingasjóða taka mið af 54. gr. laga nr. 30/2003. Rekstrarfélagið nýtir hins vegar við rekstur sjóðdeilda sjóðsins eingöngu 3. tl. 54. gr. laganna, þ.e. aukið svigrúm fjárfestingarsjóða til fjárfestinga í einstökum útgefendum. Fjárfestingar í hverjum útgefenda geta því orðið að hámarki 20% með þeirri undantekningu að fjárfesting í eingum útgefanda má nema allt að 35% af safni. Að öðru leyti fer um fjárfestingar sjóðsdeilda eftir II. kafla F laganna sem gildir um fjárfestingar verðbréfasjóða. Sjóðsdeildirnar munu því ekki fjárfesta meira en 10% í óskráðum verðbréfum, skortsala er ekki heimil og lántökum verður ekki beitt vegna reksturs þeirra nema til að mæta innlausnum til skamms tíma. Sjóðsdeildum er heimilt að nota afleiður, t.d. til þess að fastsetja hagnað eða ákveða verð, vegna fyrirsjáanlegra innlausna og afborgana skuldabréfa eða vegna markaðsaðstæðna enda sé slíkt hluti að eignastýringu viðkomandi sjóðsdeilda og í samræmi við fjárfestingarstefnu hennar. Fjárfestingar í hlutdeildarskírteinum annarra sjóða mega nema 10% af eignum einstakra sjóðsdeilda.

Nánar skilgreind fjárfestingarstefna **Hlutabréfasjóðs ÍV** er:

- 1) 20-100% í hlutabréfum skráðum í Kauphöll Íslands
- 2) 0-10% í hlutdeildarskírteinum verðbréfasjóða (UCITS)
- 3) 0-10% í óskráðum verðbréfum
- 4) 0-15% í innlánnum fjármálafyrirtækja

Nánar skilgreind fjárfestingarstefna **Peningamarkaðssjóðs ÍV** er:

- 1) Ríkistryggð verðbréf, 0 - 50%
- 2) Verðbréf fjármálafyrirtækja, 0 - 85%
- 3) Verðbréf fyrirtækja og sveitafélaga, 0-70%
- 4) Innlán fjármálafyrirtækja, 0-25%
- 5) Óskráð verðbréf, 0 - 10%

Sjóðnum er heimilt skv. 2. mgr. 31. gr. laga nr. 30/2003 að eiga reiðufé til skamms tíma. Slíkar eignir eru þó ekki hluti af fjárfestingarstefnu sjóðsins.

Heimild sjóðsins til að fjárfesta allt að 100% í verðbréfum útgefnum af eða með ábyrgð íslenska ríkisins byggir á 37. gr. laga nr. 30/2003.

Nánar skilgreind fjárfestingarstefna **Skammtímasjóðs ÍV** er:

- 1) Ríkistryggð verðbréf, 0-50%
- 2) Verðbréf sveitarfélaga, 0-15%
- 3) Innlán fjármálafyrirtækja, 50-100%
- 4) Óskráð verðbréf, 0-10%

Heimild sjóðsdeildarinnar til fjárfestingar í óskráðum verðbréfum er takmörkuð við aðra liði fjárfestingarstefnu sjóðsdeildarinnar.

Sjóðnum er heimilt skv. 2. mgr. 31. gr. laga nr. 30/2003 að eiga reiðufé til skamms tíma. Slíkar eignir eru þó ekki hluti af fjárfestingarstefnu sjóðsins.

Heimild sjóðsins til að fjárfesta allt að 100% í verðbréfum útgefnum af eða með ábyrgð íslenska ríkisins byggir á 37. gr. laga nr. 30/2003.

III. Hlutdeildarskírteini

5. grein

Gefnir verða út sérstakir fjármálagerningar í formi hlutdeildarskírteina, sem almenningi gefst kostur á að kaupa og verða skírteinin staðfesting á tilkalli til verðbréfaeignar sjóðsins. Skírteini þessi skulu skráð á nafn. Allir, sem eiga hlutdeild að Fjárfestingarsjóði ÍV, eiga sama rétt til tekna og eigna sjóðsins í hlutfalli við eign sína. Sala hlutdeildarskírteina hefur verið falinn Íslenskum verðbréfum hf, Strandgötu 3, Akureyri, samkvæmt heimild í 18.gr. laga nr.30/2003. Með hliðsjón af 17. og 18. gr. laga 30/2003 getur rekstrarfélagið einnig falið öðrum aðilum að annast þá sölu svo sem sjálfstætt starfandi verðbréfamíðlurum, verðbréfafyrirtækjum bönkum og sparisjóðum að fengnu samþykki FME. Engin ný hlutdeildarskírteini verða gefin út í sjóðsdeildinni Peningamarkaðssjóður ÍV sbr. 3. grein þessara reglna.

6. grein

Í hlutdeildarskírteinum skal eftirtalinna atriða m. a. getið:

1. Nafn fjárfestingarsjóðs ÍV, vörslufyrirtækis og rekstrarfélags.
2. Nafn og kennitölu upphaflegs eiganda skírteinis og númers þess.
3. Hvernig hlutdeildarskírteini verði innleyst og hvaða reglur gildi um arðgreiðslur.
4. Nafn og kennitölu framsalshafa, hafi hlutdeildarskírteini gengið kaupum og sölum án innlausnar þess. Hlutdeildarskírteini skal vera dagsett og undirritað af stjórn Rekstrarfélags verðbréfasjóða ÍV hf. eða þeim, sem hún hefur gefið umboð til þess. Nafnárítunin má vera prentuð eða framsett á annan sambærilegan hátt.

7. grein

Innlausnarvirði hlutdeildarskírteina í Fjárfestingarsjóði ÍV er markaðsvirði samanlagðra eigna fjárfestingarsjóðsins að frádrögnum skuldum hennar við innlausn, svo sem skuldum við innlánsstofnanir, ógreiddum umsýslu- og stjórnunarkostnaði, innheimtukostnaði og áföllnum eða reiknuðum opinberum gjöldum. Um útreikning á innlausnarvirði fer eftir þeim stjórnvaldsreglum sem gilda hverju sinni um framkvæmd útreiknings á innlausnarvirði hlutdeildarskírteina fjárfestingasjóða á Íslandi.

8. grein

Fjárfestingarsjóðurinn gefur út hlutdeildarskírteini í einingaformi, þ. e. þau eru gefin út á hvaða einingu sem er með allt að 4 aukastöfum.

9. grein

Fjárfestingarsjóður ÍV selur og innleysir (kaupir) bréfin á daglegu gengi. Þó er heimilt að fresta innlausn hlutdeildarskírteina mæli sérstakar ástæður með því og hagsmunir eigenda hlutdeildarskírteina krefjast þess. Frestun skal vera almenn og taka til allra

hlutdeildarskírteina. Frestun á innlausn skal þegar tilkynnt Fjármálaeftirlitinu. Jafnframt skal frestun auglýst opinberlega. Viðskipti með sjóðsdeildirnar eru framkvæmd með seinkun. Í Hlutabréfasjóði ÍV og Skammtímasjóði ÍV fara viðskipti fram daginn eftir (t+1).. Engin viðskipti verða með hlutdeildarskírteini Peningamarkaðssjóð ÍV sbr. 3. grein.

10. grein

Skattlagning eininga í Fjárfestingarsjóði ÍV hf. fer eftir lögum um tekju- og eignaskatt nr. 75/1981 ásamt síðari breytingum. Rekstrarfélag Fjárfestingarsjóðs ÍV hf., sem rekstraraðili, sér um að standa skil á fjármagnstekjuskatti samkvæmt 3. gr. laga nr. 94/1996, um staðgreiðslu skatts á fjármagnstekjur, en hann reiknast þegar einingar eru seldar með hagnaði eða þegar tekjur eru greiddar af einingunum.

IV. Vörslufyrirtæki.

11. grein

Umsjá og varðveisla fjármálagerninga Fjárfestingarsjóðs ÍV skal falinn vörslufyrirtæki. Vörslufyrirtæki Fjárfestingarsjóðs ÍV er Íslensk verðbréf hf. Gerður er skriflegur samningur á milli aðila og er hann uppsegjanlegur af beggja hálfu með árs fyrirvara. Óheimilt er að skipta um vörslufyrirtæki nema með samþykki Fjármálaeftirlitsins.

Að gættum skilyrðum 2. mgr. 22. gr. laga nr. 30/2003 er vörslufyrirtækinu heimilt að fela öðru fyrirtæki varðveislu verðbréfa sjóðsdeilda að hluta eða öllu leyti.

12. grein

Vörslufyrirtæki skal:

1. sjá um að sala, útgáfa, endurkaup, innlausn og ógilding hlutdeildarskírteina fjárfestingarsjóðs fari samkvæmt lögum og samþykktum sjóðsins
2. sjá um að innlausnarvirði hlutdeildarskírteina sé reiknað í samræmi við lög
3. framfylgja fyrirmælum rekstrarfélags fjárfestingarsjóðs nema þau séu í andstöðu við lög og samþykktir hans
4. sjá um að í viðskiptum með eignir fjárfestingarsjóðs sé endurgjald fyrir þær innt af hendi innan eðlilegra tímamarka
5. sjá um að tekjum fjárfestingarsjóðs sé ráðstafað í samræmi við lög og samþykktir sjóðsins

13. grein

Vinna og/eða kostnaður sem fellur til hjá vörslufyrirtæki skal innheimt skv. reikningum hjá rekstrarfélagi. Auk þess greiðir Rekstrarfélag verðbréfasjóða ÍV hf. Íslenskum verðbréfum hf. þóknun, 50.000 kr. á mánuði, fyrir eftirlitshlutverk sitt og vörslu varðandi Fjárfestingarsjóð ÍV. Einnig fá Íslensk verðbréf hf. þóknun fyrir að selja hlutdeildarskírteini í samræmi við 18.gr. laga nr. 30/2003 (sjá nánar 15. grein).

14. grein

Gerður hefur verið sérstakur samningur við Íslensk verðbréf hf. varðandi útvistun verkefna. Samkvæmt þeim samningi sjá Íslensk verðbréf hf., um fyrir hönd rekstrarfélagsins:

1. Bókhaldsþjónustu
2. Þjónustu við viðskiptavinum
3. Viðhaldi skrár yfir eigendur hlutdeildarskírteina
4. Útgáfu og innlausn hlutdeildarskírteina
5. Sölu og markaðssetningu
6. Uppgjöri viðskipta
7. Vörslu hlutdeildarskírteina og gagna um viðskipti
8. Regluvörslu

Þessu til viðbótar hefur verið gerður samningur við Standard Life Investments um að fyrirtækið annist stýringu eignasafna Alþjóðlegs skuldabréfasjóðs ÍV og Alþjóðlegs hávaxtasjóðs ÍV sem og gjaldeyrisvörn þeirra. Eingöngu er heimilt að beita afleiðum vegna gengisvarna.

V. Þóknanir

15. grein

Fjárfestingarfélag ÍV skal greiða Rekstrarfélagi verðbréfasjóða ÍV hf. eftirfarandi þóknanir fyrir umsýslu og reiknast gjaldið af heildarmarkaðsverði sjóðsins á hverjum tíma, á ári:

- Hlutabréfasjóður ÍV – 1,6% umsýsluþóknun
- Skammtímasjóður ÍV – 0,5% umsýsluþóknun
- Peningamarkaðssjóður ÍV - 0,7% umsýsluþóknun
- Umsýsluþóknunina skal Fjárfestingarsjóður ÍV greiða mánaðarlega og er hún reiknuð af markaðsverði hvernar sjóðsdeildar í mánaðarlok.
- Ekki eru innheimt önnur gjöld af eignum sjóðsins.

Athugið:

- 15% afsláttur er veittur af umsýsluþóknun ef heildarfjárfesting einstakra fjárfesta í sjóðum fer yfir 500 milljónir.
- 25% afsláttur er veittur af umsýsluþóknun ef heildarfjárfesting einstakra fjárfesta í sjóðum fer yfir 1.000 milljónir.
- Ekki er veittur afsláttur af umsýsluþóknun Peningamarkaðssjóðs ÍV eða Skammtímasjóðs ÍV.

Söluþóknun er:

- 2,00% af Hlutabréfasjóður ÍV
- Engin söluþóknun tekin vegna Peningamarkaðssjóðs ÍV
- Engin söluþóknun tekin vegna Skammtímasjóðs ÍV

Söluþóknunin skal koma fram í mismun á kaup- og sölugengi bréfa í sjóðnum.

Athugið:

- 50% afsláttur er veittur af söluþóknun ef einstök fjárfesting einstakra fjárfesta fer yfir 100 milljónir.

Rekstrarfélag verðbréfasjóða ÍV hf. greiðir Íslenskum verðbréfum hf. þóknun, 50.000 kr. á mánuði, fyrir eftirlitshlutverk sitt og vörslu varðandi Fjárfestingarsjóð ÍV. Beinn kostnaður sem fellur til vegna reksturs og umsýslu fyrir Fjárfestingarsjóð ÍV, s.s.

vegna endurskoðunar, auglýsingar o. s. frv. skal greiddur af Rekstrarfélagi verðbréfasjóða ÍV hf. Þóknarir vegna útvistaðra verkefna greiðast af umsýslugjaldi sem rekstrarfélagið fær af sjóðsdeildunum.

Ef sjóðsdeild í Fjárfestingarsjóði ÍV fjárfestir í öðrum verðbréfasjóðum sem reknir eru af Rekstrarfélagi verðbréfasjóða ÍV hf. þá er rekstrarfélaginu ekki heimilt að taka þóknun fyrir áskrift eða innlausn fyrir fjárfestingu í sjóðunum, sbr. 2. mgr. 50 gr. laga nr. 30/2003 að. Með hliðsjón af 6. mgr. 48 gr. laga nr. 30/2003 þá skulu sjóðir sem Fjárfestingarsjóður ÍV fjárfestir í ekki bera hærri stjórnunarkostnað en 2,00%.

Rekstrarfélag verðbréfasjóða ÍV hf. greiðir Íslenskum verðbréfum hf. þóknun, 50.000 kr. á mánuði, fyrir eftirlitshlutverk sitt og vörslu varðandi Fjárfestingarsjóð ÍV.

VI. Reikningar og endurskoðun

16. grein

Í samræmi við lög um nr. 30/2003, um verðbréfasjóði og fjárfestingarsjóði og lög nr. 144/1994 skal ársreikningur Rekstrarfélags verðbréfasjóða ÍV hf., birtur fyrir lok fyrsta ársfjórðungs fyrir yfirstandandi rekstrarár. Rekstrarárið fylgir almanaksárinu. Þar koma fram afkomuupplýsingar fyrir þá sjóði sem Rekstrarfélag verðbréfasjóða ÍV hf. rekur þ.m.t. Fjárfestingarsjóð ÍV.

Í síðasta lagi 4 vikum fyrir aðalfund skal stjórn rekstrarfélagsins hafa lokið gerð ársreiknings fyrir liðið starfsár og hafa sent hann endurskoðanda. Endurskoðandi skal gera endurskoðunarskýrslu í samræmi við ákvæði laga um ársreikninga og fjárfestingarsjóði, sem leggja skal fyrir aðalfund. Skýrslan skal vera komin í hendur stjórnar Rekstrarfélags verðbréfasjóða ÍV hf. í síðasta lagi tveimur vikum fyrir aðalfund.

17. grein

Fjármálaeftirlitinu skal sendur endurskoðaður ársreikningur Rekstrarfélags verðbréfasjóða ÍV hf. í síðasta lagi 10 dögum eftir undirritun þeirra og eigi síðar en 3 mánuðum eftir lok reikningsárs. Reikningunum skal fylgja skýrsla löggilts endurskoðanda, þar sem m. a. komi fram, hvernig útreikningi á verðbréfaeign sjóðsins er háttað.

VII. Útboðslýsing

18. grein

Rekstrarfélag verðbréfasjóða ÍV hf. skal gefa út útboðslýsingu fyrir Fjárfestingarsjóð ÍV sem skal vera fjárfestum aðgengileg endurgjaldslaust og útdráttur úr útboðslýsingunni skal vera fjárfestum aðgengilegur á skrifstofu félagsins endurgjaldslaust áður en viðskiptum með hlutdeildarskírteini er lokið. Í útboðslýsingu skulu koma fram nauðsynlegar upplýsingar til að fjárfestum sé kleift að meta kosti og áhættu samfara fjárfestingu í Fjárfestingarsjóði ÍV. Í samræmi við 20. gr. reglugerðar

nr. 792/2003 um verðbréfasjóði og fjárfestingarsjóði, skulu reglur þessar vera hluti af útboðslýsingu sjóðsins.

VIII. Önnur ákvæði

19. grein.

Telji stjórn rekstarfélagsins að nauðsynlegt sé að sameina deild í Fjárfestingarsjóði ÍV við aðrar deildir eða ef ætlunin er að slíta sjóðnum í heild sinni eða sameina öðrum verðbréfasjóði skal fara með málið fyrir hluthafafund Rekstrarfélags verðbréfasjóða ÍV hf. og þarf 2/3 hluta eigenda að samþykkja breytingarnar. Leita skal samþykkis Fjármálaeftirlitsins áður en samruni eða slit eru framkvæmt. Tilkynna þarf eigendum hlutdeildarskírteina um breytingarnar.

Ef slíta á deildinni skal innlausnarvirði hlutdeildarskírteina í Fjárfestingarsjóðs ÍV vera markaðsvirði samanlagðra eigna deildar verðbréfasjóðssins að frádregnum skuldum hennar við innlausn, svo sem skuldum við innlánsstofnanir, ógreiddum umsýslu- og stjórnunarkostnaði, innheimtukostnaði og áföllnum eða reiknuðum opinberum gjöldum. Um útreikning á innlausnarvirði fer eftir þeim stjórnvaldsreglum sem gilda hverju sinni um framkvæmd útreiknings á innlausnarvirði hlutdeildarskírteina fjárfestingarsjóða á Íslandi. Eftir að ákveðið hefur verið að slíta deildinni skal fengin staðfesting á lokainnlausnarverði áður en hafist verið við að greiða út hluti.

Ef hins vegar á að sameina deildina annarri deild skal gefa sjóðsfélögum kost á að fá sinn hlut innleystan innan þriggja vikna frá því að sameining hefur verið samþykkt. Á þeim tíma skal innlausnarverð hvers hluta liggja fyrir.

Sjóðdeildin Peningamarkaðssjóður ÍV verður ekki sameinuð öðrum sjóðum sbr. 3. grein. Um slit deildarinnar fer skv. 3. grein.

20. grein

Þrátt fyrir 2. tölulið 54. gr. laga um verðbréfasjóði og fjárfestingarsjóði skulu að minnsta kosti 90% af eignum sjóðsins vera í verðbréfum skráðum á opinberum verðbréfamarkaði eða ganga kaupum og sölu á öðrum skipulegum verðbréfamarkaði innan Evrópska efnahagssvæðisins sem starfar reglulega, er opin almenningi og viðurkenndur með þeim hætti sem Fjármálaeftirlitið metur gildan eða innlánnum innlánsstofnanna sem heyra undir eftirlit Fjármálaeftirlitsins. Sé markaðurinn utan Evrópska efnahagssvæðisins skal Fjármálaeftirlitið hafa viðurkennt hann.

21. grein

Allar upplýsingar um Fjárfestingarsjóð ÍV má nálgast hjá Rekstrarfélagi verðbréfasjóða ÍV hf. (kt. 491001-2080), Strandgötu 3, 600 Akureyri. Ennfremur verða upplýsingar um sjóðinn, s.s. gengi o.fl. aðgengilegar á heimasíðu Íslenskra verðbréfa hf., www.iv.is.

22. grein

Þar sem ákvæði samþykkt þessara segja ekki til um, hvernig með skuli farið, skal hlíta ákvæðum laga um verðbréfasjóði og fjárfestingarsjóði nr. 30/2003, og reglugerð nr. 792/2003, sem og öðrum lagaákvæðum er við geta átt.

Viðauki með útboðslýsingu Fjárfestingarsjóðs ÍV.

Valdar greinar úr lögum um verðbréfasjóði og fjárfestingarsjóði.

Nr. 30 frá 2003

F. hluti

F. Fjárfestingarheimildir.

30. gr.

Fjármálagerningar og innlán.

Fjárfestingarheimildir samkvæmt þessum kafla taka til verðbréfasjóðs eða, sé hann deildaskiptur skv. 13. gr., til einstakra deilda hans. Verðbréfasjóði er eingöngu heimilt að binda fé sitt í:

1. Verðbréfum og peningamarkaðsskjölum sem skráð hafa verið, eða viðskipti eiga sér stað með, á skipulegum verðbréfamarkaði samkvæmt skilgreiningu laga um verðbréfavíðskipti. Með peningamarkaðsskjölum er í lögum þessum átt við greiðsluhæf skjöl sem verslað er með á peningamarkaði og ætíð er hægt að meta til verðs.
2. Nýútgefnum verðbréfum, enda sé í skilmálum vegna útgáfu þeirra skuldbinding um að sótt verði um skráningu verðbréfanna á skipulegum verðbréfamarkaði skv. 1. tölul. Skráning verðbréfa samkvæmt þessu ákvæði skal fara fram eigi síðar en einu ári frá útgáfu þeirra.
3. Hlutdeildarskírteinum verðbréfasjóða. Einnig er heimilt að fjárfesta í skírteinum annarra sjóða um sameiginlega fjárfestingu sýni verðbréfasjóðir fram á með fullnægjandi hætti að mati Fjármálaeftirlitsins að sjóðirnir búi við sambærilegt eftirlit og verðbréfasjóðir, samstarf Fjármálaeftirlitsins og lögbærra yfirvalda heimaríkis sjóðsins sé tryggt með fullnægjandi hætti, vernd eigenda skírteina sé tryggð með sambærilegum hætti og í verðbréfasjóðum og gefin sé út ársskýrsla og árshlutauppgjör að minnsta kosti á sex mánaða fresti. Óheimilt er að fjárfesta í verðbréfasjóðum og öðrum sjóðum um sameiginlega fjárfestingu sem fjárfesta, samkvæmt reglum sínum, meira en 10% eigna sinna í hlutdeildarskírteinum verðbréfasjóða eða hlutabréfum annarra sjóða um sameiginlega fjárfestingu.
4. Innlánum fjármálafyrirtækja sem hafa staðfestu í ríki innan Evrópska efnahagssvæðisins. Þó er verðbréfasjóði heimilt að binda fé í innlánum fjármálafyrirtækja með staðfestu utan Evrópska efnahagssvæðisins sýni hann fram á með fullnægjandi hætti að mati Fjármálaeftirlitsins að fjármálafyrirtækin búi við sambærilegar reglur um áhættu og eftirlit og gilda innan Evrópska efnahagssvæðisins. Innlán samkvæmt þessum tölulið verða að vera endurgreiðanleg að kröfu innlánseiganda með að hámarki tólf mánaða binditíma.
5. Afleiðum sem skráðar eru á skipulegum verðbréfamarkaði samkvæmt skilgreiningu laga um verðbréfavíðskipti. Viðmið afleiðna skulu vera fjárfestingarheimildir samkvæmt þessari grein, verðbréfavísitölur, vextir, gengi erlendra gjaldmiðla eða gjaldmiðlar sem verðbréfasjóðnum er heimilt að fjárfesta í samkvæmt ákvæðum reglna sjóðsins.
6. Afleiðum utan skipulegra verðbréfamarkaða. Viðmið afleiðna skulu vera fjárfestingarheimildir samkvæmt þessari grein, verðbréfavísitölur, vextir, gengi erlendra gjaldmiðla eða gjaldmiðlar sem verðbréfasjóðnum er heimilt að fjárfesta í

samkvæmt ákvæðum reglna sjóðsins. Gagnaðilar verðbréfasjóða í slíkum afleiðuviðskiptum skulu lúta eftirliti sem Fjármálaeftirlitið metur gilt. Verðmæti slíkra samninga skal vera unnt að reikna daglega. Tryggt skal að hægt sé að selja slíka samninga samdægurs á raunvirði hverju sinni.

7. Peningamarkaðsskjölum sem viðskipti eru með utan skipulegra verðbréfamarkaða.

31. gr.

Aðrar eignir.

Þrátt fyrir ákvæði 30. gr. er verðbréfasjóði heimilt að binda sem svarar allt að 10% af eignum sínum í öðrum verðbréfum og peningamarkaðsskjölum en þar getur.

Verðbréfasjóði er heimilt að eiga reiðufé eða auðseljanlegar eignir til skamms tíma.

Slíkar eignir mega þó ekki vera hluti af fjárfestingarstefnu sjóðsins.

32. gr.

Yfirtaka eigna og eðalmálmar.

Verðbréfasjóði er heimilt án takmarkana að yfirtaka eignir til að tryggja fullnustu kröfu. Eignirnar skulu seldar jafnskjótt og það er talið hagkvæmt og eigi síðar en innan átján mánaða frá yfirtöku eignanna. Heimilt er þó að draga sölu lengur sé það augljóslega í þágu hagsmuna sjóðsins. Slíkan drátt á sölu skal tilkynna Fjármálaeftirlitinu sem getur þá krafist sölu þeirra innan viðeigandi frests.

Verðbréfasjóði er óheimilt að fjárfesta í eðalmálmum eða heimildarskírteinum fyrir þeim.

33. gr.

Eftirlit með áhættu.

Rekstrarfélög skulu hafa yfir að ráða eftirlitskerfi sem gerir þeim kleift að vakta, meta og stýra áhættu einstakra eigna og eignasafns verðbréfasjóða á hverjum tíma.

34. gr.

Afleiðuviðskipti.

Verðbréfasjóði er ávallt skylt að eiga hæfilegar og nægjanlega verðmætar eignir á móti metnu hámarkstapi af afleiðu. Til grundvallar slíku mati skal taka mið af verðmæti undirliggjandi eigna, mótaðilaáhættu, ytri aðstæðum á fjármálamörkuðum og tíma til að loka afleiðu.

Verðbréfasjóði er heimilt að eiga viðskipti með afleiður svo fremi sem undirliggjandi eignir séu undir þeim mörkum sem um getur í 35. gr. Eftirlitskerfi skv. 33. gr. skal meta með fullnægjandi hætti virði afleiðna utan skipulegra verðbréfamarkaða.

Verðbréfasjóðir skulu gera Fjármálaeftirlitinu reglulega grein fyrir afleiðuviðskiptum sínum í því formi sem Fjármálaeftirlitið ákveður.

35. gr.

Hámark fjárfestingar í einum útgefanda.

Verðbréfasjóði er óheimilt að binda meira en 10% af eignum sínum í verðbréfum og peningamarkaðsskjölum útgefnum af sama útgefanda, eða binda meira en 20% af eignum sínum í innlánnum sama fjármálafyrirtækis. Verðbréfasjóði er ekki heimilt að eiga viðskipti með afleiður utan skipulegra verðbréfamarkaða við sama aðila þar sem mótaðilaáhætta af samningnum nemur meira en 5% af eignum sjóðsins. Þetta hlutfall hækkar í 10% ef mótaðili er fjármálafyrirtæki innan Evrópska efnahagssvæðisins eða fjármálafyrirtæki með staðfestu utan Evrópska efnahagssvæðisins sem lýtur eftirliti sem Fjármálaeftirlitið metur gilt.

Fjárfesti verðbréfasjóður meira en 5% í verðbréfum útgefnum af sama útgefanda skal samtala slíkra fjárfestinga ekki fara yfir 40% af eignum sjóðsins. Við útreikning samtölu skal ekki litið til innlána hjá fjármálafyrirtæki eða afleiðna sem gerðar eru utan skipulegra verðbréfamarkaða þegar mótaðili er fjármálafyrirtæki sem lýtur eftirliti sem Fjármálaeftirlitið metur gilt. Þrátt fyrir ákvæði 1. og 2. mgr. má heildarfjárfesting í viðskiptum við sama aðila, í verðbréfum, peningamarkaðsskjöllum, innlánnum og afleiðusamningum utan skipulegra verðbréfamarkaða, samtals ekki fara yfir 20% af eignum sjóðsins.

Þrátt fyrir ákvæði 1. mgr. er verðbréfasjóði heimilt að binda allt að 35% af eignum sínum í verðbréfum og peningamarkaðsskjöllum sem eitt eða fleiri ríki innan Evrópska efnahagssvæðisins eða sveitarfélög þeirra, alþjóðlegar stofnanir, sem eitt eða fleiri þessara ríkja eru aðilar að, eða ríki utan Evrópska efnahagssvæðisins gefa út eða ábyrgjast. Ekki skal tekið tillit til verðbréfa samkvæmt þessari málsgrein þegar fundin er samtala fjárfestinga skv. 3. mgr.

Takmarkanir samkvæmt þessari grein má ekki leggja saman. Því er verðbréfasjóði óheimilt að binda meira en 35% af eignum sínum í verðbréfum, peningamarkaðsskjöllum, innlánnum eða afleiðum sama útgefanda. Aðilar sem teljast til sömu samstæðu skulu teljast einn aðili við útreikning samkvæmt þessari grein.

36. gr. ***Vísitölusjóðir.***

Verðbréfasjóði er heimilt að fjárfesta allt að 20% í hlutabréfum eða skuldabréfum sama útgefanda ef markmið fjárfestingarstefnu samkvæmt reglum sjóðsins er að líkja eftir tiltekinni hlutabréfa- eða skuldabréfavísitölu. Vísitalan skal hafa fullnægjandi áhættudreifingu, birt opinberlega og endurspegla viðkomandi markað með fullnægjandi hætti.

Fjármálaeftirlitið getur hækkað heimild skv. 1. mgr. í 35% ef vægi eins útgefanda í vísitölnni er meira en 20%. Fjárfesting yfir 20% er aðeins leyfð í einum útgefanda.

37. gr. ***Traust verðbréf.***

Fjármálaeftirlitið getur heimilað verðbréfasjóði að binda allt að 100% af eignum sínum í verðbréfum og peningamarkaðsskjöllum skv. 5. mgr. 35. gr. telji Fjármálaeftirlitið það samrýmanlegt hagsmunum eigenda hlutdeildarskírteina. Fjárfestingar verðbréfasjóðs skv. 1. mgr. skulu dreifast á að minnsta kosti sex mismunandi verðbréfaútgáfur og má fjárfesting í einni og sömu verðbréfaútgáfu ekki nema hærri fjárhæð en sem svarar til 30% af eignum verðbréfasjóðs.

38. gr.
Fjárfestingar í verðbréfasjóðum og öðrum sjóðum um sameiginlega fjárfestingu.
Verðbréfasjóði er heimilt að fjárfesta í öðrum verðbréfasjóðum og sjóðum um sameiginlega fjárfestingu (sjóðasjóðir). Þó skal verðbréfasjóður ekki binda meira en 20% af eignum sínum í einstaka verðbréfasjóði eða sjóði um sameiginlega fjárfestingu. Heildarfjárfesting verðbréfasjóðs í öðrum sjóðum en verðbréfasjóðum má ekki fara yfir 30% af eignum verðbréfasjóðs.

39. gr. ***Takmarkanir á eignasafni.***

Verðbréfasjóði er óheimilt að eignast meira en:
10% af hlutabréfum án atkvæðisréttar í einstöku hlutafélagi.
10% af skuldaskjöllum einstakra útgefanda verðbréfa.
25% af hlutdeildarskírteinum verðbréfasjóðs og annarra sjóða um sameiginlega fjárfestingu.
10% af peningamarkaðsskjöllum einstakra útgefanda.

40. gr.***Lán og ábyrgðir.***

Verðbréfasjóði er óheimilt að veita lán eða ganga í ábyrgð fyrir aðra, sbr. þó heimildir skv. 30. gr. Verðbréfasjóði er óheimilt að taka önnur lán en skammtímalán til að standa straum af innlausn hlutdeildarskírteina. Slík lán mega ekki nema meira en svarar 10% af eignum sjóðsins eða einstakra deilda innan hans.

41. gr.***Skortsala.***

Verðbréfasjóði er óheimilt að selja fjármálagerninga sem ekki eru í eigu hans á þeim tíma sem sala þeirra fer fram.

42. gr.***Ráðstafanir til úrbóta.***

Fari fjárfesting verðbréfasjóðs fram úr leyfilegum mörkum samkvæmt lögum þessum skulu þegar gerðar ráðstafanir til úrbóta og skal lögmæltu hámarki í síðasta lagi náð innan sex mánaða. Fjármálaeftirlitið getur þó í einstökum tilvikum mælt fyrir um lengri frest enda sé það augljóslega í þágu eigenda hlutdeildarskírteina.

54. gr.***Fjárfestingarheimildir.***

Ákvæði II. kafla F um fjárfestingarheimildir verðbréfasjóða gilda um fjárfestingar fjárfestingarsjóða með eftirfarandi undantekningum:

1. Fjárfestingarsjóðum er heimilt að fjárfesta í hlutdeildarskírteinum annarra sjóða um sameiginlega fjárfestingu en verðbréfasjóða og fjárfestingarsjóða án tillits til 3. tölul. 30. gr. Þó má heildarfjárfesting fjárfestingarsjóðs í öðrum sjóðum en verðbréfasjóðum og fjárfestingarsjóðum ekki fara yfir 20% af eignum fjárfestingarsjóðs.
2. Fjárfestingarsjóðum er heimilt að fjárfesta í óskráðum verðbréfum og peningamarkaðsskjölum án tillits til 1. mgr. 31. gr.
3. Ákvæði 35. gr. gilda ekki um fjárfestingarsjóði samkvæmt þessum kafla. Fjárfestingarsjóðum er heimilt að binda allt að 20% af eignum sínum í verðbréfum og peningamarkaðsskjölum útgefnum af sama útgefanda. Þó er heimilt að binda allt að 35% af eignum sjóðs í skráðum verðbréfum í kauphöll og peningamarkaðsskjölum útgefnum af sama útgefanda enda sé fjárfesting yfir 20% aðeins í einum útgefanda.
4. Ákvæði 2. mgr. 38. gr. gildir ekki um fjárfestingarsjóði.
5. Ákvæði 2. mgr. 40. gr. gildir ekki um fjárfestingarsjóði. Fjárfestingarsjóðum er heimilt að taka að láni allt að 25% af verðmæti eigna sjóðs.
6. Ákvæði 41. gr. gildir ekki um fjárfestingarsjóði. Metið hámarkstap af viðskiptum með verðbréf sem fjárfestingarsjóður á ekki í fórum sínum skal ekki nema meiru en 20% af endurmetnu innra virði sjóðsins. Skortsala á óskráðum verðbréfum er óheimil.